



Borgarráð

**Tillögur vegna aukaaðalfundar Félagsbústaða hf. 2. febrúar 2023**

Boðað hefur verið til aukaaðalfundar í Félagsbústöðum hf. í samræmi við 14. gr. samþykktu félagsins dags. 28. maí 2020. Samkvæmt 13. gr. er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum lögmætra hluthafa. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aukaaðalfundi Félagsbústaða 2. febrúar 2023:

1. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Til samþykktar.
2. Kjör stjórnar og varastjórnar. Til samþykktar.
3. Þóknun stjórnarmanna og varamanna. Til samþykktar.

Lagt er til að tillögur nr. 1 og 3 verði samþykktar. Borgarráð samþykkti þann 1. desember 2022 tilnefningar í kjör stjórnar og varastjórnar Félagsbústaða hf.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundarboð aukaaðalfundar Félagsbústaða 2. febrúar 2023.

Tillaga um breytingu á samþykktum Félagsbústaða hf.

Þóknun stjórnarmanna Félagsbústaða hf. fyrir komandi starfsár.

Reykjavík 23. janúar 2023

## Fundarboð

### Aukaaðalfundur Félagsbústaða hf. 2023

Hér með er boðað til hluthafafundar Félagsbústaða hf. sem haldinn verður fimmtudaginn 2. febrúar nk. kl. 15. á skrifstofu Félagsbústaða Þönglabakka 4.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál.

1. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
2. Kjör stjórnar og varastjórnar
3. Þóknun stjórnarmanna og varamanna
4. Önnur mál

f.h. stjórnar Félagsbústaða,



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Sent hluthöfum Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Rannveigu Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs, auk borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa sem rétt eiga til setu á fundinum skv. 14. gr. samþykpta félagsins. Þá fá þeir einstaklingar sem tilnefndir hafa verið í stjórn og varastjórn boð á fundinn.

## Auka aðalfundur Félagsbústaða hf. haldinn 2. febrúar 2023

### Tillögur um breytingar á samþykktum Félagsbústaða hf.

**Í fyrsta lagi** er um að ræða tillögu um breytingu á 1. mgr. 19. gr. samþykktanna um skipun og óhæði stjórnarmanna, nýtt ákvæði um kjörgengi stjórnarmanna í 2. mgr. 19. gr. og nýtt ákvæði um kjörtímabil stjórnarmanna í 3. mgr. 19. gr.

Nú er 19. gr. svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.“

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skal skipuð allt að fimm mönnum og fimm til vara. Meirihluti stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, skal vera óháður félaginu og stjórnendum þess og þar af skulu tveir einnig vera óháðir Reykjavíkurborg. Við mat á óhæði skal horft til skilgreiningar um óháða stjórnarmenn í leiðbeiningum Viðskiptaráðs, eins og þær eru hverju sinni.

Kjörgengir í stjórn félagsins eru þeir sem tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar hefur tilnefnt til setu í stjórn félagsins og borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt.

Stjórnarmenn eru kjörnir til fjögurra ára í senn en þó þannig að hinir þrír óháðu stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, skulu kjörnir þegar tvö ár eru liðin af kjörtímabili annarra stjórnarmanna og aðrir stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, kjörnir þegar tvö ár eru liðin af kjörtímabili óháðra stjórnarmanna.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.“

### **Greinargerð:**

Tillagan er sett fram í samræmi við nýja eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var 3. maí 2022.

Í eigendastefnunni er m.a. gerð krafa um fjölgun stjórnarmanna og mælt fyrir um óhæði, kjörgengi og kjörtímabil þeirra

Á fundi borgarráðs, dags. 15. desember 2022, var samþykkt tillaga nefndar Reykjavíkurborgar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. hjá Félagsbústöðum.

Hin samþykktu tillaga gerir ráð fyrir fimm manna stjórn Félagsbústaða og því er nauðsynlegt að breyta samþykktum félagsins til þess að hægt sé að kjósa stjórn í samræmi við eigandastefnu eiganda félagsins.

**Í öðru lagi** er um að ræða nýmæli, þ.e. ákvæði til bráðabirgða varðandi kjör fyrstu fimm manna stjórnar félagsins.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Ákvæði til bráðabirgða samþykkt á hluthafafundi 2. febrúar 2023:

„Á hluthafafundi 2. febrúar 2023 skulu kjörnir allt að fimm stjórnarmenn og allt að fimm til vara þar sem þrír stjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, skulu vera óháðir félaginu og stjórnendum þess og þar af skulu tveir, bæði aðal- og varamenn, einnig vera óháðir Reykjavíkurborg.

Kjör og kjörtímabil óháðra stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, skal gilda til aðalfundar 2024 og þá skal kjósa þrjá óháða stjórnarmenn hvers kjörtímabil er til fjögurra ára, þ.e. til aðalfundar 2028.

Kjör og kjörtímabil annarra stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, skal gilda til aðalfundar 2026 og þá skal kjósa tvo stjórnarmenn hvers kjörtímabil er til fjögurra ára, þ.e. til aðalfundar 2030.“

#### **Greinargerð:**

Tillagan er sett fram í samræmi við nýja eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var 3. maí 2022.

Í eigendastefnunni er m.a. gerð krafa um fjölgun stjórnarmanna og mælt fyrir um óhæði, kjörgengi og kjörtímabil þeirra.

Á fundi borgarráðs, dags. 15. desember 2022, var samþykkt tillaga nefndar Reykjavíkurborgar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. hjá Félagsbústöðum.

Hin samþykktu tillaga gerir ráð fyrir að kjörtímabil fyrstu fimm manna stjórnar sé þannig að umboð óháðra stjórnarmanna sé endurskoðað eða endurnýjað árið 2024 og þá til ársins 2028. Þá gildi hið sama um umboð annarra stjórnarmanna.

Því er lagt til að samþykkt verði bráðabirgðaákvæði sem mælir fyrir um kjörtímabil fyrstu fimm manna stjórnar félagsins, en þegar kjörtímabili þeirra líkur sé stjórn kjörin í samræmi við nýja 19. gr. samþykktu félagsins, verði breytingar þar um samþykktar.

f. h. stjórnar Félagsbústaða



Haraldur Flosi Tryggvason, formaður

## **Aukaaðalfundur Félagsbústaða hf. haldinn 2. febrúar 2023**

### **Þóknun til stjórnarmanna**

Tillaga að þóknun til stjórnarmanna:

Stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg.

f. h. stjórnar Félagsbústaða



Haraldur Flosi Tryggvason, formaður